

6. gr.

Stjórn þessa sjóðs og ákvarðanir um viðurkenningu og listaverkakaup, skal vera í höndum skólastjóra Alþýðuskólans á Eiðum og eins kennara, sem kosinn er í sjóðsstjórnina, ásamt varamanni, á kennarafundi.

Verði ágreiningur innan stjórnarinnar, sker kennarafundur úr.

7. gr.

Skólastjóri Eiðaskóla hefur á hendi reikningshald sjóðsins, sem geyma skal á öruggum stað, þar sem hann nýtur beztu vaxtakjara. Birta skal reikning sjóðsins í skólaskýrslu.

8. gr.

Sjóðsstjórnin skal halda gerðabók og skulu í hana innfærðar ákvarðanir hennar svo og greinargerð fyrir þeim.

9. gr.

Verði því við komið, skulu viðurkenningar úr sjóðnum afhentar við skólasetningu ár hvert.

10. gr.

Merkið, allt eða hluta þess, má ekki nota til skreytingar eða munsturgerðar, nema leyfi sjóðsstjórnar komi til.

11. gr.

Verði Eiðaskóli í núverandi formi lagður niður, skal sjóður þessi ganga til þeirrar stofnunar á Austurlandi, sem kæmi í hans stað.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Í Reykjavík, 20. október 1965.

Staddur á Eiðum 17. okt. 1965.

Sigrún Sigurþórsdóttir.

Þórarinn Þórarinsson.

REGLUGERÐ

**um gjald af nýreistum húsum í kaupstöðum og kauptúnum
til greiðslu skipulagsgjalds.**

1. gr.

Af hverri nýbyggingu, sem reist er í kaupstöðum þeim og kauptúnum, sveitaþorpum eða orkuverum, þar sem skipulagsuppdráttur hefur verið staðfestur, eða þar sem byrjað er að vinna að skipulagsgerð, skal greiða 3% í eitt sinn af brunabótavirðing hverrar húseignar.

2. gr.

Nýbygging samkvæmt 1. gr. telst hvert nýreist hús, sem virt er til brunabóta, svo og viðbyggingar við eldri hús, ef virðingarverð hinnar nýju viðbyggingar nemur $\frac{1}{5}$ verðs eldra hússins.

3. gr.

Gjaldið skal greiða til lögreglustjóranna í því lögsagnarumdæmi, sem húsið er í, en í Reykjavík til tollstjóra. Það fellur í gjalddaga þegar brunabótavirðing fer fram og má taka það lögtaki.

Gera skal skil fyrir gjaldinu til ríkisféhirðis með skilagrein sem öðrum ríkis-sjóðstekjum.

4. gr.

Brunabótafélög og umboðsmenn þeirra skulu skriflega tilkynna innheimtu-manni fjárhæð brunabótavirðingar nýreists húss, þegar eftir að virðing hefur farið fram, og skulu þau veita honum greiðan aðgang að skjölum sínum og bókum um brunabótavirðingu nýreistra húsa.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 og kemur í stað reglugerðar nr. 209 21. okt. 1952, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. febrúar 1966.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Keflavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Keflavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 5.20 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.90 hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 25.30 á ári af hverjum fermetra gólfplatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslu og ganga skal greiða kr. 7.80 af fermetra á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 115 aura hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr 9.20 á mánuði, af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi, sem er minni en 5 m², skal teljast sem hálf, en stærra en en 25 m², sem tvö. Leiga af einum mæli er innifalin í fasta-gjaldinu.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m², má miða við sameigin-legt flatarmál þeirra, þannig, að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og 6 m² hálfu herbergi.